

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/46/12

frá 21. október 2005

um breytingu á viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði í því skyni að aðlaga hann að tækniframförum (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 4054)

(2005/747/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (¹), einkum b-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við tilskipun 2002/95/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin meti tiltekin, hættuleg efni sem eru bönnuð skv. 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Tiltekinn efni og íhlutir, sem innihalda blý og kadmíum, skulu undanþegnir eða halda áfram að vera undanþegnir banninu þar eð notkun þessara hættulegu efna í þessum efnivið og íhlutum er enn óhjákvæmileg.
- 3) Nokkrar undanþágur frá banninu við nánar tilteknum efnivið og íhlutum skulu takmarkaðar að gildissviði til að hætta megi smám saman notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, að því gefnu að hægt verði að komast hjá notkun þeirra í slíkum búnaði.
- 4) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB skal hver undanþága í viðaukanum endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti, eða fjórum árum eftir að viðkomandi þætti er bætt í skrána, með það í huga að vega og meta hvort fella eigi tiltekinn efnivið eða íhluti fyrir raf- og rafeindabúnað brott úr skránni ef gerlegt er, frá tæknilegu eða vísindalegu sjónarmiði, að sleppa þeim eða skipta þeim út með breyttri hönnun eða með því að nota efnivið eða íhluti sem krefjast ekki notkunar efniviðarins og efnanna sem um getur í 1. mgr. 4. gr., að því tilskildu að neikvæð áhrif á umhverfi, heilbrigði og/eða öryggi neytanda af völdum þess að skipta út fyrir

önnur efni vegi ekki þyngra en ávinningurinn sem hlýst af áhrifum útskiptingarinnar á umhverfið, heilbrigði og/eða öryggi neytenda.

- 5) Því ber að breyta tilskipun 2002/95/EB til samræmis við það.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB hefur framkvæmdastjórnin ráðfært sig við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunar- aðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytenda- samtök og sent umsagnir þeirra áfram til nefndarinnar sem komið var á fót með 18. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang (²), hér á eftir kölluð „nefndin“.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 18. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 9.

(¹) Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/717/EB (Stjtið. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 48).

(²) Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 7. liðar:

- „7. — Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (t.d. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri),
- blý í lóðningarefni fyrir netþjóna, diska, sem geyma gögn, og gagnageymslur, netgrunnvirkisbúnað til að tengja, senda merki, senda út og netkerfisstjórnunarbúnað fyrir fjarskipti,
 - blý í rafeindahlutum úr keramik (t.d. þrýstiraftæknilegur búnaður).“

2. Eftirfarandi komi í stað 8. liðar:

- „8. Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum og kadmíumhúð, að undanskilinni notkun sem er bönnuð samkvæmt tilskipun 91/338/EEB (*) um breytingu á tilskipun 76/769/EEB (**) um takmörkun á sölu og notkun tiltekinnar skaðlegra efna og efnablandna.

(*) Stjtið. EB L 186, 12.7.1991, bls. 59.

(**) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.“

3. Eftirfarandi liðir bætast við:

- „11. Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.
12. Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum.
13. Blý og kadmíum í ljóstæknigleri og glersíum.
14. Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgjörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd.
15. Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum („flip-chip“).“

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/46/13

frá 3. september 2002

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhúsmálningu og -lökk og um breytingu á ákvörðun 1999/10/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 3202)

(2002/739/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vörum sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerkið, sem og á mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk. Endurskoðuninni skal ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB frá 18. desember 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir málningu og lökk ⁽²⁾, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum. Jafnframt skal breyta gildistíma þeirrar ákvörðunar sem framlengdur var með ákvörðun 2001/608/EB ⁽³⁾ og breyta skal skilgreiningunni á vöruflokknum.

5) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nýja ákvörðun þar sem settar eru sérstakar, vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í fimm ár.

6) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 1999/10/EB, séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengri en tólf mánuðir, til að fyrirtæki, sem hafa fengið eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar áður en þessari nýju ákvörðun verður beitt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram en henni var komið á fót skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Málning og lökk fá því aðeins umhverfismerki Bandalagsins skv. reglugerð (EB) nr. 1980/2000 að þau falli undir vöruflokkinn „innanhúsmálning og -lökk“, sem er skilgreindur í 2. gr., og uppfylli þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 236, 4.9.2002, bls. 4. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 5, 9.1.1999, bls. 77.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 43.

2. gr.

1. Innanhússmálning og -lökk til skreytingar, viðarbæs og tengdar vörur skulu falla undir vöruflokkinn „innan hússmálning og -lökk“ í samræmi við 2. mgr. til notkunar fyrir almenning og fagmenn og eru aðallega ætlaðar til nota innan húss og eru markaðssettar þannig.

Undir þetta fellur m.a. gólfklakk og -málning, vörur sem smásalar litblanda að beiðni viðskiptavina eða faglærðra málara, málning til skreytingar í fljótandi formi eða deigformi sem framleiðandi hefur formedhöndlað, litblandað eða undirbúið til að uppfylla þarfir notenda, þ.m.t. grunnmálning (og undirmálning) þessara framleiðsluferfa.

2. „Málning“: hvers kyns yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum í fljótandi formi, deigformi eða duftformi sem myndar þekjandi lag á undirlagi sem það er borið á og verndar, skreytir eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

„Lakk“: glært yfirborðsmeðferðarefni sem er borið á undirlag og myndar hart, glært lag sem verndar, skreytir eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

Að notkun lokinni þornar málningin eða lakkið og verður að gegnheilli viðloðandi varnarhúð.

Málning og lökk til skreytingar eru notuð fyrir byggingar, skreytingar í þeim og innréttingar til skreytingar eða hlífðar. Þau eru borin á á staðnum. Þótt þau séu fyrst og fremst notuð til skreytinga gegna þau einnig verndarhlutverki.

Viðarbæs (lasúr) er yfirborðsmeðferðarefni sem myndar glært eða hálfagnsætt lag og er notað til að skreyta og vernda við gegn veðrun sem auðveldar viðhald viðarins.

3. Eftirtaldir vörur eru ekki í þessum flokki:

- a) tæringarvarnarefni,
- b) gróðurhindrandi málning,
- c) viðarvarnarefni,
- d) yfirborðsmeðferðarefni til sérstakrar notkunar í iðnaði og í atvinnuskyni, þ.m.t. slitþolin efni til yfirborðsmeðferðar og tveggja þátta efni,
- e) sérvörur, þ.m.t. sérstakir blæðingartálmar (stain blockers) og hágæðagrunnar með góðri smygni,

f) utan hússmálning og -lökk,

g) allar vörur sem eru aðallega ætlaðar til nota utan húss og eru markaðssettar þannig.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „007“ notað fyrir vöruflokkinn „innan hússmálning og -lökk“.

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 1999/10/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og sérstöku, vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn gilda til 31. ágúst 2003.“

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2007.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „málning og lökk“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. september 2002, mega nota merkið áfram til 31. ágúst 2003.

Framleiðendur, sem hafa sótt, fyrir 1. september 2002, um umhverfismerki fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „málning og lökk“, geta fengið merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 1999/10/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota merkið til 31. ágúst 2003.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

Framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

- að hagkvæmni sé gætt í notkun vörunnar og úrgangi haldið í lágmarki,
- að dregið verði úr umhverfisáhrættu og annarri áhrættu (t.d. er tengist ósoni í veðrahvolfinu) með því að draga úr losun leysiefna,
- að dregið verði úr losun eiturefna eða losun annarra mengandi efna í vötn. Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu innanhússmálningar og -lakka sem hafa lítil umhverfisáhrif.

Kröfur varðandi mat og sannpröfun

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannpröfun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur gögn til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, eftir því sem við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bera stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannpröfun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og efirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða EN ISO 14001, er beitt (ath.: þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR

1. Hvítir fastlitir

- a) **Innihald hvíttra fastlita** (hvítir, ólifrænir fastlitir með brotstuðli sem er hærri en 1,8): málning skal innihalda 38 g eða minna af hvítum fastlitum miðað við fermetra af þurrfilmu með 98% hulu (opacity). Þessi krafa gildir ekki um lökk og viðarbæs.

Mat og sannpröfun: umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu þess efnis að efnið sé ekki notað eða gefa upp innihald hvíttra fastlita og efnisþekju (spreading rate) (eins og krafist er í viðmiðun a-liðar 6. liðar), ásamt ítarlegum útreikningi sem sýnir að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

- b) **Títandíoxíð:** losun og slepping úrgangsefna í tengslum við framleiðslu á títandíoxíðfastlitum má ekki fara yfir eftirfarandi:

- SO_x-losun (gefin upp sem SO₂): 300 mg á fermetra af þurrfilmu (98% hula),
- súlfatúrgangur: 20 g á fermetra af þurrfilmu (98% hula),
- klóríðúrgangur: 5, 9 og 18 g á fermetra af þurrfilmu (98% hula) að því er varðar (í sömu röð) náttúrulegt rútíl, gervirútíl og gjall. *Mat og sannpröfun:* umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu þess efnis að efnið sé ekki notað eða leggja fram fylgiskjöl þar sem losun og slepping úrgangsefna fyrir þessar færíbreytur er tilgreind, svo og magn títandíoxíðs í vörunni, efnisþekjan (eins og krafist er í viðmiðun a-liðar 6. liðar), ásamt ítarlegum útreikningum sem sýna fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

2. Rokgjörn, lífræn efnasambönd:

innihald rokefna (rokgjarnra, lífrænna efnasambanda) skal ekki fara yfir:

- veggmalning (skv. EN 13300): 30 g/l (að vatni undanskildu),

- önnur málning með a.m.k. 15 m²/l efnisþekju og þekjueiginleika sem nemur 98% hulu: 250 g/l (að vatni undanskildu),
- allar aðrar vörur (þ.m.t. málning sem er ekki veggmálning og með efnisþekju sem er minni en 15 m²/l, lökk, viðarbæs, gólflokk og -málning, og tengdar vörur): 180 g/l (að vatni undanskildu). Í þessu samhengi er rokefni sérhvert lífrænt efnasamband sem undir venjulegum þrýstingi hefur suðumark (eða upphafssuðumark) við 250 °C eða lægra.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt. Umsækjandi skal tilgreina innihald rokefnis fyrir allar vörur. Eftir því sem við á skal tilgreina efnisþekjuna (mæld, eins og krafist er í viðmiðun a-liðar 6. liðar).

3. Rokgjörn, arómatísk kolvatnsefni

Innihald rokkgjarnra, arómatískra kolvatnsefna skal ekki fara yfir:

- veggmálning (skv. EN 13300): 0,15% af vörunni (miðað við massa),
- allar aðrar vörur (þ.m.t. öll önnur málning, lökk, viðarbæs, gólfmálning og -lökk og tengdar vörur): 0,4% af vörunni (miðað við massa). Í þessu samhengi er rokkgjarn, arómatískt kolvatnsefni sérhvert kolvatnsefni sem undir staðalþrýstingi hefur suðumark við 250 °C eða lægra og hefur a.m.k. einn arómatískan kjarna í byggingarformúlu sinni.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt. Umsækjandi skal tilgreina innihald rokkgjarnra, arómatískra kolvatnsefna fyrir allar vörur.

4. Þungmálmur

Eftirfarandi þungmálma og efnasambönd þeirra skal ekki nota sem innihaldsefni í vörunni (hvorki sem efni né sem hluti af efnablöndu sem er notuð): kadmíum, blý, króm VI, kvikasilfur, arsen.

Innihaldsefni mega innihalda snefilmagn af þessum málum sem rekja má til óhreininda í hráefninu.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

5. Hættuleg efni

- a) **Varan:** varan skal ekki flokkuð sem mjög eitruð, eitruð, hættuleg umhverfinu eða krabbameinsvaldandi eða sem æxlunarskaðvaldur eða stökkbreytivaldur í samræmi við tilskipun 1999/45/EB.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl (t.d. upplýsingar um efni og öryggisleiðbeiningar).

- b) **Innihaldsefni** (mjög eitruð, eitruð, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi, æxlunarskaðvaldar): ekki er heimilt að nota innihaldsefni (efni eða efnablöndu) sem hefur fengið, eða kann að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

- H23 (eitruð við innöndun)
- H24 (eitruð í snertingu við húð)
- H25 (eitruð við inntöku)
- H26 (mjög eitruð við innöndun)
- H27 (mjög eitruð í snertingu við húð)
- H28 (mjög eitruð við inntöku)
- H39 (hætta á alvarlegu, varanlegu heilsutjóni)
- H45 (getur valdið krabbameini)
- H46 (getur valdið arfgengum skaða)
- H48 (hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif)
- H60 (getur dregið úr frjósemi)
- H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og síðari breytingar á henni eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽¹⁾ og síðari breytingar á henni. Virk innihaldsefni, sem eru notuð sem rotvarnarefni í formúlunni og hafa fengið eitthvað af hættusetningum H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39 eða H48 (eða samsetningar þeirra), mega samt sem áður veða allt að 0,1% (miðað við massa) í samsetningu málningarinnar.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl (t.d. upplýsingar um efni og öryggisleiðbeiningar).

- c) **Innihaldsefni** (hættuleg umhverfinu): ekkert innihaldsefni (efni eða efnablöndu), sem hefur fengið, eða kann að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

- H50 (mjög eitruð vatnalífverum)

⁽¹⁾ Stj.útd. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

H51 (eitrad vatnalifverum)

H52 (skaðlegt vatnalifverum)

H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE eða í tilskipun 1999/45/EB, skal vera yfir 2,5% miðað við massa vörunnar. Samanlagt innihald innihaldsefna, sem hafa fengið eða kunna að hafa fengið, þegar umsóknin er lögð fram, einhverja af þessum hættusetningum (eða samsetningu þeirra), skal ekki fara yfir 5% miðað við massa vörunnar. Þessi krafa gildir ekki um ammoníak, alkýlammoníak eða alkýlamin.

Þessi krafa hefur ekki áhrif á þá skyldu að uppfylla kröfuna sem sett er fram í viðmiðun a-liðar 5. liðar hér að framan.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl (t.d. upplýsingar um efni og öryggisleiðbeiningar).

- d) **Alkylfenóletoxýlöt** (APEO): alkylfenóletoxýlöt eru ekki leyfð til notkunar.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

- e) **Glykóleterar:** ekki má nota dietýlenglykólmetýleter (DEGME, CAS-nr. 111-77-3).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

- f) **Ísóbíasólínónefnasambönd:** innihald ísóbíasólínónefnasambanda í vörunni skal ekki vera meiri en 500 milljónarhlutar. Innihald blöndunnar 5-klór-2-metýl-2H-ísóbíasól-3-óns (EB-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóbíasól-3-óns (EB-nr. 220-239-6) (3:1) skal ekki vera meira en 15 milljónarhlutar

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina magnbólur (ef um notkun er að ræða).

- g) **Formaldehýð:** innihald óbundins formaldehýðs í vörunni skal ekki vera meira en 10 mg/kg. Efnasambönd, sem innihalda formaldehýð, má aðeins nota í því magni að heildarinnihald óbundins formaldehýðs verði ekki meira en 10 mg/kg.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina magnbólur (ef um það er að ræða) sem mælt er með Merckoquant-mæliaðferðinni (sjá t.d. 2. viðbæti við RAL-UZ 102). Annar kostur er að mæla innihald formaldehýðs skv. VdL-RL 03-aðferðinni (VdL Guideline 03): „In-can concentration of formaldehyde determined by the acetyl-acetone method“, en þá skal mældur styrkur ekki vera meiri en 100 milljónarhlutar. Heimilt er að nota aðrar samsvarandi prófunaraðferðir.

6. Notagildi

- a) **Efnisþekja:** efnisþekja málningar skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 8 m² á lítra.

Efnisþekja þýkkar málningar, sem er ætluð til skreytingar (málning sem er sérstaklega ætluð til þess að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist því af afar þykku lagi), skal hins vegar vera 2 m²/kg.

Þessi krafa gildir ekki um lökk, viðarbæs, gólfmálningu og -lökk, undirmálningu eða viðloðunargrunna.

Mat og sannprófun: umsækjandinn og/eða birgir hans eða birgjar skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á notkun eftirfarandi aðferða: ISO 6504/1 (Paints and varnishes — determination of hiding power — 1. hluti: Kubelka-Munk method for white and light-coloured paints) eða 6504/3: (3. hluti: Determination of contrast ratio of light-coloured paints at a fixed spreading rate), eða (fyrir málningu sem er sérstaklega hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist af afar þykku lagi) NF T 20 073 (eða annarrar sambærilegrar aðferðar).

- b) **Votþvottheldni:** veggmálning, (skv. EN 13300), sem fullýrt er (hvort sem það er á umbúðum vörunnar eða í markaðssetningu hennar) að þoli þvott eða hreinsun, skal hafa votþvottheldni (wet scrub resistance) skv. EN 13300 og EN ISO 11998 í 3. flokki eða betri (ekki yfir 70 mikron eftir 200 þvotta). Ef fullýrt er að bursta megi slíka málningu skal hún hafa votþvottheldni í 2. flokki eða betri (ekki yfir 20 mikron eftir 200 þvotta).

Gólflokk og -málning skulu hafa votþvottheldni í 1. flokki (ekki meira en 5 mikron eftir 200 þvotta).

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu skv. EN 13300 þar sem stuðst er við EN ISO 11998 (prófun á hreingerningarhæfni og þvottheldni).

- c) **Vatnspól:** viðarbæs, gólflokk og -málning skulu hafa vatnspól, eins og það er ákvarðað með EN ISO 2812-1, 2. aðferð, þannig að eftir 24 klukkustunda áraun og 16 klukkustunda án áraunar hafi ekki orðið nein breyting á gljáa eða lit.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á ISO 2812/1, 2. aðferð: (Paints and varnishes — determination of resistance to liquids — 1. hluti: almennar aðferðir).

- d) **Viðloðun:** gólflokk, gólfmálning og undirmálning skulu fá a.m.k. 2 stig í EN 2409-prófuninni fyrir viðloðun.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á EN ISO 2409.

- e) **Slit:** gólflokk og -málning skulu hafa votþvottheldni í 1. flokki skv. EN13300 (ekki yfir 5 mikron eftir 200 þvotta).

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt með því að nota aðferðina sem um getur í EN 13300 (EN ISO 7784).

7. Neytendaupplýsingar

Eftirfarandi upplýsingar skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

- upplýsingar um notkun, undirstöðuefni og skilyrðin fyrir tilætlaðri notkun efnisins. Þetta felur í sér ráð varðandi undirbúningsvinnu o.s.frv., t.d. réttan undirbúning fyrir undirlagið, ráð varðandi notkun utanhúss (þar sem við á) eða hitastig,
- ráðleggingar varðandi hreinsun á verkfærum og viðeigandi meðhöndlun úrgangs (til að takmarka vatnsmengun); ráðleggingarnar skal laga að viðkomandi vörutegund og notkunarsviði og skýringarmyndir má nota, ef við á,
- ráðleggingar varðandi geymslu á vörunni eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar (til að takmarka úrgang í föstu formi), þ.m.t. varnaðarorð, ef við á,
- ráðleggingar varðandi fyrirbyggjandi verndarráðstafanir fyrir málarnar, einkum í tengslum við vinnu í lokuðum herbergjum eða þegar um er að ræða málningu í 2. flokki eða málningu með miklu þurrefnisinnihaldi. Eftirfarandi texta (eða sambærilegan texta) skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

„frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: <http://europa.eu.int/ecolabel>“

Mat og sannprófun: með úmsókninni skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

8. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

„hentar vel til notkunar innanhúss
takmarkað innihald hættulegra efna
inniheldur lítið af leysum“.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið kemur fram, ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.